



Fundur háskólaráðs 14. júní 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 08.06.2001 15:42:39

Dags: 14.06.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

10/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 14. júní var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 14:30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Lögð fram tvö bréf dags. 1. júní og 7. júní 2001, frá Stefáni Arnórssyni, formanni stjórnar Raunvísindastofnunar. Óskað er eftir álitni háskólaráðs á því hvort ráðið vilji fá álit deildarfundar og starfsmanna Raunvísindastofnunar áður en það afgreiðir reglugerðina.
- 1.2 Drög að svari háskólaráðs við bréfum formanns stjórnar Raunvísindastofnunar. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs að svara bréfunum í samræmi við framlögð gögn.
- 1.3 Lagt fram bréf frá Mörgu Thome, deildarforseta hjúkrunarfræðideildar, þar sem þess er farið á leit við rektor að dr. Connie Delaney verði ráðin í 37% starf prófessors í upplýsingatækni á sviði hjúkrunarfræði frá 1. janúar 2001 til þriggja ára. Samþykkt einróma.
- 1.4 Rektor óskaði eftir samþykki háskólaráðs við þeirri ráðstöfun, sbr. 10. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, að ráða Ingjald Hannibalsson, prófessor, til að gegna starfi framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs sameinginglegrar stjórnarsýslu í 80% starfshlutfalli til tveggja ára frá 1. september 2001 að telja. Samþykkt einróma.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagður fram listi yfir dómnefndarmál í gangi þann 8. júní 2001.
- 2.2 Skýrsla um öryggis- og aðgengismál, sbr. fyrirspurn Baldvins Þórs Bergssonar 1. febrúar sl.
- 2.3 Lögð fram umsögn starfshóps um nám í fornleifafræði um fjárhagslega hlið námsins, sbr. fund háskólaráðs 12. mars sl. Umsögn starfshópsins vísað aftur til fjármálanefndar til umsagnar.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Skipun í starfsnefndir háskólaráðs og starfshópa um einstök mál. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.
- 3.2 Staða mála sem formönnum starfsnefnda var falið að undirbúa fyrir háskólaráð, sbr. bréf rektors 27. júní 2000:
Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og gerði ásamt Þórði Kristinssyni grein fyrir málinu og framlögðu minnisblaði til háskólaráðs frá formannanefnd dags. 13. júní 2001.
Málin sem formannanefndin fjallaði um eru eftirfarandi:
 - a) Reglur um framgang. Samþykkt var sú málsmeðferð sem lögð er til á minnisblaði formannanefndarinnar
 - b) Fjárveitingar til sjóða. Samþykkt var sú málsmeðferð sem lögð er til á minnisblaði formannanefndarinnar
 - c) Stjórnunar- og aðstöðugjald. Samþykkt var sú málsmeðferð sem lögð er til á minnisblaði formannanefndarinnar
 - d) Formlegt gæðakerfi Háskólans. Samþykkt var sú málsmeðferð sem lögð er til á minnisblaði formannanefndarinnar
- 3.3 Reglur fyrir stofnanir Háskólans. Staða mála.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu ásamt Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi rektors, sem kom inn á fundinn undir þessum lið. Rektor bar upp tillögu að þeirri breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands að lokamálsliður 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða verði svohljóðandi: “Skal þeirri endurskoðun lokið eigi síðar en 1. desember 2001.” Upphafsmálsliður 9. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist og verði svohljóðandi: “Fyrir 1. desember 2001 skal háskólaráð hafa endurskoðað reglugerðir stofnana sem heyra undir háskólaráð, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og sett þeim sérstakar reglur um hlutverk, aðstöðu, skipulag, stjórn, starfsfólk, fjármál og annað sem nauðsynlegt kann að reynast, sbr. ákvæði 26. gr. þessarar reglugerðar.”

Samþykkt einróma.

Þá bar rektor upp eftirfarandi tillögu: “Háskólaráð veitir Þórði Kristinssyni, framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs, og Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi á skrifstofu rektors, áframhaldandi umboð til þess að undirbúa ákvarðanir háskólaráðs um reglur stofnana Háskóla Íslands í samráði við stjórnir þeirra svo sem gert hefur verið.” Samþykkt einróma.

3.4 Heiðursdóttor í læknadeild.

Fram voru lagðar tillögur læknadeildar um að eftirfarandi verði sæmdir heiðursdóttorsnafnbót á háskólahátíð 5. október 2001:

Karl Tryggvason, prófessor í lífefnafræði við Karolinska Institiutet í Stokkhólmi, og Gísli Hannes Guðjónsson, prófessor í réttarsálfræði við Institute of Psychiatry, Lundúnarháskóla. Samþykkt samhljóða.

3.5 Stjórn Háskólaútgáfunnar.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

3.6 Framgangur dósenta í hlutastarfi í starf prófessors.

Frestað.

4. Önnur mál.

4.1 Minnisblað um laun og mat á störfum kennara í tölvunarfræði.

Rektor reifaði málið. Umræðum og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4.2 Mál Halldórs Ármanns Sigurðssonar.

Rektor reifaði málið og lagði fram skriflegt samkomulag milli rektors Háskóla Íslands og Halldórs Ármanns Sigurðssonar, dags. 28. maí 2001.

4.3 Tillaga að breytingu á 14. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 vegna niðurstöðu Kjaranefndar um greiðslur til prófessora fyrir kennslu og stjórnun í MBA námi.

Frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 17:10